NÝSKÖPUNARAKADEMÍA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

MYND: KLEIFARVATN

Velkomin í Keili

Keilir er miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og er í eigu ríkis, sveitarfélaga á Suðurnesjum og verkalýðsfélaga. Hún var stofnuð árið 2007 með það að markmiði að byggja upp námsmannasamfélag á Suðurnesjum.

Þar er boðið upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Miðstöðin og skólar hennar eru smá í sniðum og sérhæfð, með áherslu og persónulega þjónustu við nemendur, fræðasamfélag og atvinnulíf.

Nýsköpunarakademía
ferðaþjónustunnar

Markaðsstofa Reykjaness, Íslenski ferðaklasinn og Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, hafa undirritað samkomulag um stofnun Nýsköpunarakademíu ferðaþjónustunnar.

Með stofnun akademíunnar verður til sameiginlegur vettvangur ferðaþjónustu, menntastofnana og hagsmunaaðila til að efla nýsköpun, fræðslu, endurmenntun og tengslanet, ásamt því að stuðla að framþróun, sjálfbærni og ábyrgri ferðaþjónustu sem og þverfaglegum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.

Á þeim fordæmalausu tímum sem nú eiga sér stað eru tækifæri til þess að búa til vettvang þar sem unnið er markvisst að helstu þáttum virðiskeðju ferðaþjónustunnar svo sem fræðslu, nýsköpun, samstarfsverkefnum og framþróun. Að auki hefur sjaldan verið jafn mikilvægt að hlúa að aðilum ferðaþjónustunnar og skapa frjótt umhverfi þar sem frumkvöðlar og hagsmunaaðilar fá tækifæri til að leiða saman krafta sína.

MYND: GUNNUHVER

MYND: KLEIFARVATN

Ný námskeið Opið fyrir umsóknir

Nýsköpunarakademía ferðaþjónustunnar býður tvö ný ferðaþjónustutengd námskeið sem þróuð eru í samstafi við atvinnulífið og ætlað að auka færni starfsfólks í ferðaþjónustu. Um er að ræða námskeiðin **Betri þjónusta** og **Betri stjórnun**.

Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika ferðaþjónustu hérlendis og erlendis er ljóst að það eru mýmörg tækifæri sem tengjast menntun, endurmenntun og þjálfun starfsfólks í ferðaþjónustu og tengdum greinum.

Námskeiðin eru í boði bæði á ensku og íslensku og unnin með stuðningi Sóknaráætlunar Suðurnesja.

Betri þjónusta

6 námskeið
480 tímar

MYND: LIBRARY BISTRO, REYKJANESBÆR

MYND: GUNNUHVER

Betri þjónusta Yfirlit námskeiða

Ertu kunnugur staðháttum?

Nemendur kynnast Íslandi frá nýju sjónarhorni þar sem farið er yfir aðstæður og staðhætti víðsvegar á landinu. Að áfanganum loknum munu nemendur kunna skil á og getað aflað sér frekari þekkingar um helstu ferðamannastaði landsins, sögu þeirra og stöðu.

Þjónusta við viðskiptavinni

Á námskeiðinu eru kenndar aðferðir til að auka skilning og gæði í þjónustu við viðskiptavini sem gefur þátttakendum í námskeiðinu aukna hæfni til að veita góða þjónustu. Að áfanganum loknum munu nemendur þekkja helstu aðferðir við þjónustu og kunna að greina á milli krafa mismunandi hópa.

Tölvukerfi ferðaþjónustunnar

Nemendur læra að skilja tilgang og virkni helstu tölvukerfa sem notuð eru í ferðaþjónustu. Nemendur munu kunna hvernig nota skal helstu bókunarkerfi sem notuð eru á Íslandi.

Náttúrvernd og umhverfismál

Að námskeiðinu loknu munu nemendur kunna skil á helstu flokkum náttúruverndar, hvers vegna friðlýsingar eru gerðar og hverjar eru helstu áskoranir náttúrverndar.

Samfélagsmiðlar í ferðaþjónustu

Hver eru áhrif samfélagsmiðla á okkar daglegu störf í dag og hvernig er hægt að nýta samfélagsmiðla til að gera vinnustað okkar meira spennandi? Nemendur læra að kunna skil á helstu samfélagsmiðlum nútímans, hvernig þeir hafa áhrif í ferðaþjónustu og starf þeirra sem ferðaþjónar.

Menningarheimar

Það að búa í heimi þar sem við eigum möguleika á að ferðast milli heimsálfa nánast daglega er spennandi. Menningarmunur getur samt verið mikil og er það mikilvægt fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu að skilja meginmun á hinum ýmsu menningarheimum. Að áfanganum loknum munu nemendur skilja helstu atriði menningarmuns og hvernig best er að uppfylla kröfur mismunandi menningarheima.

MYND: KLEIFARVATN



MYND: BRIMKETILL

Betri stjórnun

8 námskeið
590 tímar

Betri stjórnun Yfirlit námskeiða

Ertu kunnugur staðháttum?

Nemendur kynnast Íslandi frá nýju sjónarhorni þar sem farið er yfir aðstæður og staðhætti víðsvegar á landinu. Að áfanganum loknum munu nemendur kunna skil á og getað aflað sér frekari þekkingar um helstu ferðamannastaði landsins, sögu þeirra og stöðu.

Þjónusta við viðskiptavinni

Á námskeiðinu eru kenndar aðferðir til að auka skilning og gæði í þjónustu við viðskiptavini sem gefur þátttakendum í námskeiðinu aukna hæfni til að veita góða þjónustu. Að áfanganum loknum munu nemendur þekkja helstu aðferðir við þjónustu og kunna að greina á milli krafa mismunandi hópa.

Samfélagsmiðlar í ferðaþjónustu

Hver eru áhrif samfélagsmiðla á okkar daglegu störf í dag og hvernig er hægt að nýta samfélagsmiðla til að gera vinnustað okkar meira spennandi? Nemendur læra að kunna skil á helstu samfélagsmiðlum nútímans, hvernig þeir hafa áhrif í ferðaþjónustu og starf þeirra sem ferðaþjónar.

MYND: BLUE LAGOON

MYND: SOGASELSLÆKUR

Náttúrvernd og umhverfismál

Að námskeiðinu loknu munu nemendur kunna skil á helstu flokkum náttúruverndar, hvers vegna friðlýsingar eru gerðar og hverjar eru helstu áskoranir náttúrverndar.

Lagaumhverfi ferðaþjónustunnar

Allt umhverfi ferðaþjónustu byggir á ýmsum lögum og reglum sem fyrirtæki og starfsmenn ættu að kunna einhver skil á. Í áfanganum verður farið yfir helstu lög og reglugerðir og þau sett í samhengi við störf í ferðaþjónustu. Að áfanganum loknum munu nemendur þekkja helstu lög og reglugerðir um ferðaþjónustutengda starfsemi. Nemendur eiga að geta aflað sér réttra upplýsinga ásamt því að lesa lög og reglugerðir sér til gagns.

Frumkvöðlafræði

Heimur frumkvöðulsins er oft þyrnum stráður en í áfanganum er unnið með hugmyndir frá grunni, og farið yfir hvaða leiðir eru í boði til að hugmynd geti orðið að veruleika. Að námskeiðinu loknu munu nemendur skilja heim frumkvöðulsins og geta unnið að framgangi hugmynda sinna.

Sjálfbærni ferðaþjónustunnar

Á námskeiðinu er yfir kenningar um sjálfbærni áfangastaða, hvað áhrif ferðamenn hafa á samfélög bæði efnahagslega og samfélagslega. Að því loknu munu nemendur kunna skil á helstu kenningum sjálfbærninnar og hvað áhrif ósjálfbærni hefur á samfélög.

Kenningar og saga

Hospitality Management nær yfir allt svið ferðaþjónustunnar, í áfanganum er farið yfir sögu ferðaþjónustu á Íslandi og á heimsvísu. Einnig eru helstu kenningar um ferðaþjónustu kynntar. Að námskeiðinu loknu munu nemendur kunna skil á sögu og helstu kenningum ferðaþjónustunnar ásamt þróun hennar á síðustu ártugum.

MYND: AURORA BASECAMP, HAFNARFJÖRÐUR

NÝSKÖPUNARAKADEMÍA
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

ALLAR MYNDIR ERU EIGN MARKAÐSSTOFU
REYKJANESS - VISITREYKJANES.IS

Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

NAF@KEILIR.NET | +354 578 4000 | AKADEMIAN.ORG